



Stjórnarfundur Grænu orkunnar 20.6.2023

Fundurinn fór fram í Ármúla 6, klukkan **9:00-10:00**. Viðstödd voru Ásta Þorleifsdóttir, Egill Jóhannsson, Gunnar Valur Sveinsson, Helga Barðadóttir, og Linda Fanney Valgeirsdóttir. Jón Björn Skúlason sat fundinn og Anna Margrét Kornelíusdóttir ritaði fundinn.

1. Stjórn skiptir með sér verkum, kosning formanns. Ágústa Loftsdóttir, sem setið hefur lengst í stjórn GO, bauð sig fram fyrir fundinn.
Ágústa Loftsdóttir einróma kosin formaður Grænu orkunnar.

2. Málefnavinna

[Loftslagsvegvisar](#) atvinnulífsins

Verkefnið var að greina stöðuna og útbúa vegvísa á 5 mánuðum. Niðurstaða vinnunnar var kynnt á Grænþingi 7. júní. Við þurfum að herða okkur í að nota gögn við vinnu að markmiðum. Meginniðurstaða skýrslu um vegsamgöngur felur í sér að farið sé í aðgerðir sem eru í samhengi, fyrirsjáanlegar og hagkvæmar fyrir allt kerfið. Ekki síður er mikilvægt að árangur af aðgerðum sé mælanlegur og samvirkni á milli markmiða. Dæmi: innviðaupbygging og rafvæðing bílaleigubílaflota hafa ekki haldist í hendur undanfarin ár. Fyrirsjáanleika á km gjald, kolefnisgjald o.s.frv. fram til t.d. 2030.

Niðurstöður fleiri starfshópa hafa einnig verið í umræðunni, og að mikið þurfi til þess að markmið Íslands í loftslagsmálum náist. Gögn og tillögur sem nú hafa komið fram munu nýtast hinu opinbera m.a. í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum en einnig í [vegvísi Innviðaráðuneytis um vistvænar samgöngur til 2030](#). Áhugi er hjá GO að fylgja eftir skýrslum geiranálgunar – Græna orkan skili jafnvel af sér einblöðungi með 10 tillögum á mannamáli.

Erlendis virðist CCS víða vera lausnin sem margar þjóðir reiða sig á til þess að hægt sé að framleiða olíu áfram. Það næst ekki samstaða um að draga úr olíuframleiðslu og byggðasjónarmið hamla því að jarðefnaeldsneyti hækki verulega í verði.

Rætt um að aftengja þurfi kolefnisgjald sjávarútvegi því atvinnugreinin lætur í sér heyrja þegar á að hækka gjaldið. Það verður til þess að hækkan hér á landi er ekki nægilega há til að skila árangri. Kolefnisgjaldið er ekki tengt kolefnisinnihaldi eldsneytisins. Hægt að leggja kolefnisgjald á ákveðna flokka en t.d. ekki á marine diesel sem er helsta eldsneyti sjávarútvegs. Skoða þetta betur [kolefnisgjald](#) – á hvaða flokka þessi hækkan hefur áhrif.

[Tækjakaupastyrkir Orkusjóðs vegna þungaflytninga](#)

Ekki tekið sérstaklega fyrir á fundinum.

3. Viðburðir 2023-2024

Örfyrirlestrar í samstarfi við Orkusjóð (sept 2023)

Þjóða meðlimum Grænu orkunnar að segja frá verkefnum sínum og helstu áherslum sem tengjast orkuskiptum. Horft til miðvikudags 20. sept á Nauthóli 13:00-16:00.

4. Önnur mál

Endurskoðun markmiða Grænu orkunnar

Taka þarf upp þráðinn eftir sumarleyfi í umræðu um fulltrúa ráðuneyta í stjórn. Enn eru tveir frá umhverfis- orku- og lofstlagsráðuneyti eftir að orkumál og loftslagsmál fluttust undir sama ráðuneyti. Þá þarf að fá fulltrúa efnahags- og fjármálaráðuneytis. AMK hefur þegar kallað eftir því við skrifstofustjóra á skrifstofu skattamála.